

Nd. 13. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 3 14. febr. 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 3/1949 orðist þannig:

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman 14. nóvember 1949, hafi forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samhljóða bráðabirgðalögum, útgefnum 16. ágúst 1949, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt fyrirætlum 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 14. febrúar 1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem Alþingi hafi verið rofið og efnt til kosninga af nýju 23. dag októbermánaðar n. k., beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 3/1949, um samkomudag reglulegs Alþingis 1949, er mæli svo fyrir, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman eigi síðar en 11. október þ. á. Fellst ég því á, með skírskotun til 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög:

1. gr.

1. gr. laga nr. 3/1949 orðist þannig:

Reglulegt Alþingi 1949 skal koma saman 14. nóvember 1949, hafi forseti eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.